

Fimmti fundur vetrarins í Gammadeild var haldinn þriðjudaginn 15. janúar, 2013, klukkan 17:15 í Dalskóla, Úlfarsárdal

Fundinn sátu eftirtaldir félagar í Gammadeild: Árný Elíasdóttir, Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Elín Ólafsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðný Helgadóttir, Hertha W. Jónsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir, Kristín Jónsdóttir kennslukona, Margrét Jónsdóttir, María Pálmadóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir yngri, Stefanía Arnórsdóttir, Svana Friðriksdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir.

Tekið fyrir

Fundarsetning Formaðurinn okkar setti fimmta fund Gammadeildar árið 2013, klukkan 17:15, bauð félagskonur velkomnar og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi. Síðan var nafnakall. Alls sóttu 21 kona fundinn. Árný fór því næst yfir dagskrána. Dagskráin var þannig að Hildur Jóhannesdóttir skólastjóri tók á móti okkur og kynnti Dalskóla og Arnfríður Rún Valdimarsdóttir, verkefnastjóri hjá Reykjavíkurborg og Elfa Gísladóttir, tónmenntakennari í Dalskóla fjölluðu um Biophilia – tónvísindasmiðjuna.

Dalskóli Hildur Jóhannesdóttir, skólastjóri Dalskóla sagði frá áherslum og starfi skólans. Dalskóli hóf starfsemi haustið 2010 Skólastjóri ber byrgð á starfi leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi. Hornsteinar skólans eru: læsi og lesskilningur, virkni og félagsleg þátttaka barna, útikennsla, sköpun og listir, tónlist og söngur, gleði og metnaður.

Dalskóli leggur áherslu á heilbrigðan lífsstíl og útveru og einn af hornsteinum skólans er útikennsla. Útikennsla er samofin skólastarfinu allt árið um kring. Í þemanámsstarfi er útikennsla á stundatöflu þar sem hluti námsins fer fram undir berum himni. Dalskóli er skóli á grænni grein og dró Grænfánann að húni vorið 2012. Skólinn stefndi auk þess á að flagga menningarfánanum og var í apríl 2012 valinn fyrstur Reykjavíkurskólanna til þess að taka formlega við viðurkenningu um að vera menningarskóli. Skólinn hefur sett sér umhverfisstefnu þar sem lögð er áhersla á að auka þekkingu og virðingu nemenda fyrir umhverfi sínu, skapa jákvætt viðhorf nemenda og starfsmanna til umhverfismála og þroska vitund um lýðræði og að láta sig umheiminn varða.

Í Dalskóla er unnið að því að þróa skólasamfélag þar sem fram fer einstaklings- og hópamiðað nám með markvissum og skipulögðum hætti. Unnið er að því að samfella verði í námi og það myndi heild. Lögð er áhersla á sveigjanlega kennsluhætti og samvinnu nemenda. Einnig er áhersla lögð á samþættingu námsgreina og þemabundið nám.

Í skólanum ríkir viðhorf virðingar fyrir einstaklingnum og sérkennum hans. Allir kennarar skólans vinna saman í teymum að undirbúningi náms og kennslu. Í Dalskóla er samkennsla í þemabundnu námi bæði á milli árganga og innan árgangs. Unnið er með yngri nemendur að hluta til í anda hugsmíðahyggjunnar (Dewey), formlegri námsnálgun (Montessori) og nýtingu náttúrunnar í leik og starfi (Reggio). Í Dalskóla verður skapandi list- og verkgreinanámi gert hátt undir höfði.

Í skólasamfélaginu og nærsamfélaginu er lagt kapp á samstarf nemenda foreldra og starfsmanna og að það samstarf sé opið og nærandi, byggt á gagnkvæmu trausti þar sem allir finni að þeir hafa mikið fram að færa til samfélagsins. Skólinn í samvinnu við foreldra hefur samið áætlun um foreldrasamstarf.

Biophilia – tónvísindasmiðjan Arnfríður Rún Valdimarsdóttir, verkefnastjóri hjá Reykjavíkurborg, kynnti fyrir okkur Biophilia – tónvísindasmiðjur. Tónvísindasmiðjurnar voru settar á fót í tengslum við Biophilia-borgardvalir Bjarkar, þar sem hún heldur óvenjulega tónleika í hverri borg fyrir sig í nokkrar vikur í senn. Tónvísindasmiðjurnar eru samstarfsverkefni Háskóla Íslands, Reykjavíkurborgar og

Bjarkar Guðmundsdóttur þar sem grunnskólanemar á aldrinum 10-12 ára fá tækifæri til þess að læra um tónlist og vísindi á nýstárlegan hátt í gegnum sköpun og með hjálp spjaldtölva.

Fulltrúar frá Háskóla Íslands, Reykjavíkurborg og teymi Bjarkar þróuðu kennslufnið í smiðjunum en þar fræðast nemendur bæði um tónfræði og ýmis undur náttúrunnar, eins og andefni, kristalla, eldingar, jarðrek, vírusa og erfðaeefni. Lögin á Biophilia vísa til þessara fyrirbrigða en Bio merkir ást og Philia líf. Í undraheimi Biophilia-verkefnisins læra nemendur einnig á sérstök smáforrit (öpp) í iPad-spjaldtölvum og skapa sínar eigin útsetningar og tónsmíðar og hjálpa jafnframt til við að móta námskrá framtíðarinnar.

Fundarkonur fengu tækifæri til að sjá dæmi um verkefnið í tölvum og höfðu gaman af.

Elfa Gísladóttir tónlistarkennari sagði okkur frá því hvernig hún hefur komið að verkefninu, fyrst sem þátttakandi á námskeiði og síðar með nemendum sínum, sem allir lofuðu verkefnið í hástert.

Fundarlök

Formaður þakkaði Hildi, Önnu Rún og Elfu kærlega fyrir afar áhugaverðar kynningar og færði þeim rós sem þakklætisvott, sem hún sagði standa fyrir andríki, sköpun og hugrekki til að ná árangri og að skólastarfið í Dalskóla og Biofhilia verkefna bæri vitni um þetta þrennt.

Formaður óskaði Ingibjörgu Einarsdóttur, fyrir hönd Gammadeildar, hjartanlega til hamingju með heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu sem hún hlaut fyrir hennar merka framlag til eflingar lestrarhæfni grunnskólanema. Hún gat þess einnig að í Gammadeild væru 34 konur og af þeim hafi 9 hlotið hina íslensku fálkaorðu.

Formaður bar fyrir kveðju frá Sigríði Rögnu, landssambandsforseta en hana langar að heimsækja okkur á næsta fund.

Að lokum minnti hún á Landssambandsþingið, sem að þessu sinni verður haldið á Hótel Heklu á Skeiðum helgina 4. og 5. maí og voru konur hvattar til að taka daginn frá.

Orð til umhugsunar voru síðast á dagskrá en þau flutti María Pálmadóttir. María sagði frá ráðstefnu sem hún sótti í Skotlandi þar sem Glenn Rogers var aðalfyrirlesarinn. Hann fjallaði um breytingarstjórnun á breytingartímum. María sagði Dalskóla einmitt dæmi um skóla sem sprottið hafi upp við þær aðstæður. Roger ræddi töluvert um að skólar í Skotlandi búi við fjárhagslegan samdrátt. Hann sagði mikilvægt að finna nýjar leiðir og í slíkum aðstæðum er kyrrstaða ekki í boði en nauðsynlegt að; hugsa út fyrir rammann, taka áhættu, vera umburðarlyndur gagnvart breytingum, samþætta þjónustu, nýta sérþekkingu, treysta fólki fyrir breytingum, virkja fólk með sér í breytingarnar. Það er ýmislegt sem getur farið úrskeiðis en hann sagði mikilvægt að leggja áherslu á menntun kennara og stjórnenda - að horfa þurfi á heildarmyndina í stað þess að einblína á smáatriðin því gott menntakerfi þarf á góðum og hæfum kennurum að halda.

Fundargerð skráði Björk Einisdóttir.